



Fjölbrautaskóli Suðurlands

LESTUR OG RITUN

ÍSLE1LR05

Kennsluáætlun – haustönn 2019

Kennarar áfangans:

Jón Özur Snorrason (JÖS) og Katrín Tryggvadóttir (KT)

Áfangalýsing:

Lestur og ritun er grunnáfangi í íslensku á 1. þrepi. Áfanginn er lokaprófslaus en símat er alla önnina í formi verkefna og prófa. Áhersla er lögð á sjálfstæð, vönduð og skipuleg vinnubrögð sem nýtast munu í öllu almennu námi. Í áfanganum þjálfast nemendur í lestri, málskilningi og vinnubrögðum. Þeir þjálfast í að beita tungumálinu með því að fjalla um bókmenntir og mynda sér skoðanir sem þeir tjá bæði í ræðu og riti. Nemendur læra að semja texta á góðu máli og vel upp byggðan.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunnhugtökum í ritgerðasmíð
- helstu málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tali og ritmáli
- fjölbreyttum orðaforða ritmáls
- nokkrum tegundum bókmennta og nytjatexta
- helstu hugtökum sem nýtast við umfjöllun um bókmenntir

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa ýmsar tegundir nytjatexta í samfelldu máli þar sem framsetning er skýr og skipulögð
- nota leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn til að lagfæra eigin texta
- nýta algengustu hugtök í málfræði til að bæta eigin málfærni
- beita mismunandi blæbrigðum og málsniði í tali og ritmáli
- taka saman og flytja stuttar endursagnir, lýsingar og kynningar á afmörkuðu efni
- lesa sér til gagns og gamans texta sem gera nokkrar kröfur til lesenda
- skilja algengt líkingamál og orðatiltæki

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- semja stutta texta af ýmsu tagi með viðeigandi málfari
- beita einföldum blæbrigðum í málnotkun til að forðast einhæfni og endurtekningar
- halda uppi samræðum og rökstyðja eigin fullyrðingar, ákvarðanir eða skoðanir á málefnalegan hátt
- túlka og meta atburðarás og persónur í bókmenntum eða annars konar textum
- sýna þroskaða siðferðisvitund og víðsýni í málflutningi sínum, umfjöllunum og verkum

Kennslubækur og kennslugögn

- Fartölva til að vinna á í tímum
- Ragnheiður Eyjólfsdóttir. 2018. *Rotturnar*. Vaka-Helgafell.
- Efni frá kennurum.

Kröfur og verkefnaskil

- Áfanginn er próflaus og ætlast er til að nemandi undirbúi sig mjög vel fyrir tímana með lestri og þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Um helmingur námsins fer fram í tímum en hinn hlutinn með heimanámi; verkefnum, undirbúningi og upprifjun. Mæti nemandi ekki í tíma af einhverjum ástæðum eykst heimanámið sem þeim tíma nemur.
- Geti nemandi ekki einhverra hluta vegna mætt í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil.
- Allir nemendur eru skráðir í Innu og þurfa að hafa aðgang að tölvu.
- Öllum verkefnum/áfangaprófum skal skila á tilsettum tíma og tölvuunnum. Dragist skil getur nemandi ekki gengið að því sem vísu að verkefni verði metin til einkunnar.
- Nemandi sem ekki skilar verkefni eða mætir ekki í próf fær einkunnina núll.
- Nemandi sem missir af prófi eða verkefni vegna veikinda ber sjálfur ábyrgð á því að óska eftir sjúkraprófi og skal bera upp þá ósk um leið og mætt er á ný.
- Nemandi sem ekki sinnir námi vegna bókaletningar eða símanotkunar verður vísað úr tíma og fjarvist skráð.
- Nemanda ber að virða höfundarrétt og ekki skila inn verkefnum sem unnin eru af öðrum. Verði nemandi uppvís að slíku fær hann verkefni sitt ekki metið til einkunnar. Sama gildir um þann nemanda sem lætur öðrum verkefni í té.

Vægi námsþátta í vetrareinkunn

- Efnisgreinaritun 10%
- Rotturnar
 - vinnueinkunn, fjórar möppur og vinna í tímum 20%
 - fjögur próf 10%
 - tímaritgerð 10%
- Stafsetningarpróf 10%
- Bókmenntafræði, smásögur, próf 10%
- Söguritun 10%
- Bragfræði, ljóð, próf 10%
- Tjáning 10%

Áætlun um kennslu og yfirferð á önninni (sjá nánari skilgreiningu á Moodle)

Vika	Viðfangsefni	Helstu verkefni og próf í símati
20. - 23. ágúst 34. vika	Kynning á áfanga: Rotturnar, hugleiðingar og vinnubrögð áfangans.	Rotturnar, sagan lesin heima. Efnisgreinar skrifaðar.
26.-30. ágúst 35. vika	Hugleiðingar, efnisgreinar.	Efnisgreinar skrifaðar, möppu skilað. Stafsetningarpróf Rotturnar I. hluti lesinn heima.
2. – 6. september 36. vika	Rotturnar I. hluti, bls. 7-74.	Sagan er lesin heima og verkefni unnin í tímum.
9. – 13. september 37. vika	Rotturnar I. hluti, bls. 7-74. Rotturnar II. hluti, bls. 75-140.	Sagan er lesin heima og verkefni unnin í tímum. Próf úr I. hluta. Möppu úr I. hluta skilað.

16. – 20. september 38. vika	Rotturnar II. hluti, bls. 75-140.	Sagan er lesin heima og verkefni unnin í tímum. Möppu úr II. hluta skilað. Próf úr II. hluta.
23. - 27. september 39. vika	Rotturnar III. hluti, bls. 141-212.	Byrjað á III. hluta. Sagan er lesin heima og verkefni unnin í tímum.
30. september – 4. október 40. vika	Rotturnar III. hluti, bls. 141-212. Rotturnar IV. hluti, bls. 213-269.	Sagan er lesin heima og verkefni unnin í tímum. Möppu úr III. hluta skilað. Próf úr III. hluta.
7. – 11. október 41. vika MIÐANNARMAT	Rotturnar IV. hluti, bls. 213-269.	Miðannarmat. Sagan er lesin heima og verkefni unnin í tímum.
14. – 18. október Verkefnadagar 17.-18.okt. 42. vika	Rotturnar IV. hluti, bls. 213-269. Ritgerð úr allri sögunni Rotturnar undirbúin.	Sagan er lesin heima og verkefni unnin í tímum. Möppu úr IV. hluta skilað. Próf úr IV. hluta. Unnið að undirbúningi ritgerðar.
21. -25. október 43. vika	Rotturnar IV. hluti, bls. 213-269. Ritgerð úr allri sögunni Rotturnar. Bókmenntafræði og smásögur.	Tímaritgerð. Verkefni unnin úr bókmenntafræði og smásögum.
28. október – 1. nóvember 44. vika	Bókmenntafræði og smásögur.	Verkefni unnin úr bókmenntafræði og smásögum. Próf úr bókmenntafræði og smásögum.
4. – 8. nóvember 45. vika	Byrjað á söguritun – ferlisritun.	Smásöguritunin skipulögð og hafin. Farið er eftir ákveðnu ferli.
11. – 15. nóvember 46. vika	Söguritun. Bragfræði og ljóð.	Möppu, með vinnugögnum og sögunni skilað.
18. – 22. nóvember 47. vika	Bragfræði og ljóð.	Verkefni unnin. Próf úr bragfræði og ljóðum.
25. – 29. nóvember 48. vika	Stafsetning og tjáning.	Stafsetningarpróf. Verkefni úr tjáningu.
2. – 6. desember 49. vika	Tjáning.	Verkefni úr tjáningu.

Gert með fyrirvara um breytingar,
F. Su., 19. ágúst 2019.

Jón Özur Snorrason – jozur@fsu.is
Katrín Tryggvadóttir – katrin@fsu.is